

- 7 17. febr. 5. *Ísafjarðarumdæmi*: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Árneshreppur í Strandasýslu.
6. *Húnaþingsumdæmi*: Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
7. *Skagafjarðarumdæmi*: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
8. *Eyjafjarðarumdæmi*: Ólafsfjörður, Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarþingsumdæmi*: Suður-Þingeyjarsýsla austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
10. *Austurlandsumdæmi*: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.
11. *Austur-Skaftafellssýsluumdæmi*: Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.
12. *Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi*: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
13. *Rangárvallaumdæmi*: Rangárvallasýsla að Austur-Eyjafjallahreppi.
14. *Selfossumdæmi*: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
15. *Laugarásumdæmi*: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.
- Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu. Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum eftir ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

8

12. febr.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.

Hinn 3. febrúar 1959 var undirritaður í Helsingfors samningur um viðskipti milli Íslands og Finnlands. Samningurinn gildir frá 1. febrúar 1959 til 31. janúar 1960.

Helztu útflutningsvörur frá Íslandi til Finnlands verða saltsild, sildar- og fiskimjöl, þorskalýsi, fryst fiskflök, freðsild, skreið, garnir og gærur.

Helztu útflutningsvörur frá Finnlandi til Íslands verða trjáviður, krossviður, þilplötur, pappi og pappírsvörur, rafmagnsvélar, járnvörur og gúmmískófatnaður.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 12. febrúar 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.